

Fimmtudaginn 12. febrúar 1998.

Nr. 163/1997.

Óskar Engilbertsson

(Sigurður Sigurjónsson hrl.,

Óskar Thorarensen hdl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.,

Lárus L. Blöndal hdl.)

Vátrygging. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1997. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 5.584.576 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. október 1994 til greiðsludags. Til vara krefst hann skaðabóta að mati Hæstaréttar með dráttarvöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað á báðum dómstigum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 11. nóvember 1997.

1. janúar 1997 var VÍS-vátrygging hf. sameinuð stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., sem tekið hefur við aðild málsins. Krefst stefndi aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum verði áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samningur um vátryggingar vegna fyrirtækis eiginkonu áfrýjanda hjá stefnda tókst í mars 1992. Óumdeilt er, að starfsmaður sá, sem kom fram fyrir hönd stefnda við samningsgerðina, hafði vitneskju um slys áfrýjanda 29. október 1990 og að tjón vegna þess væri óuppgert hjá öðru vátryggingafélagi. Samkvæmt gögnum málsins naut áfrýjandi á þessum tíma dagpeninga hjá því vátryggingafélagi vegna slyss þessa, og einnig liggur fyrir, að í gildi var slysatrygging áfrýjanda þar, er lauk 30. september 1992. Eins og rakið er í héraðsdómi,

hefur fyrrgreindur starfsmaður stefnda borið fyrir dómi, að vegna slyssins og hins óuppperða tjóns hafi ekki komið til álita, að slysatrygging næði til áfrýjanda, og hafi honum verið það ljóst. Fram lögð minnisblöð starfsmannsins, sem greint er frá í héraðsdómi, styðja fullyrðingu hans. Vátryggingarskírteini vegna vátrygginganna voru fyrst gefin út í mars 1992, og náði slysatrygging samkvæmt þeim ekki til áfrýjanda. Sama gegnir um vátryggingarskírteini, sem gefin voru út í apríl sama ár í samræmi við athugasemdir, sem fram komu frá áfrýjanda. Að öllu þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að áfrýjanda hafi hlotið að vera ljóst í mars 1992, að stefndi myndi ekki að svo búnu vilja slysatryggja hann.

Pegar áfrýjandi fékk vátryggingu breytt í júlí 1992, eftir að hann hafði símleidis tilkynnt stefnda, að vegna mistaka væri nafn sitt ekki fært undir slysatryggingu, mátti honum vera ljóst, að þetta gat ekki verið rétt. Jafnframt lét hann í engu getið framangreindra atriða varðandi slysið 29. október 1990, sem hann hlaut að vita, að skiptu máli fyrir stefnda. Verður að virða honum þetta til stórkostlegs gáleysis, og getur hann því ekki samkvæmt 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, byggt á hinni breyttu vátryggingu. Stefndi tilkynnti áfrýjanda afstöðu sína tæpum tveimur mánuðum eftir, að hann fékk vitneskju um slysið, sem áfrýjandi varð fyrir 9. desember 1992, og verður ekki á það fallist, að stefndi hafi glatað rétti sínum samkvæmt 8. gr. sömu laga. Eins og hér hagar til, þykir 9. gr. laganna ekki heldur eiga við.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Engilbertsson, greiði stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars 1997.

Ár 1997, fimmtudag 6. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara og meðdómsmönnum Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni og Ríkharði Sigfússyni bækunarlækni, kveðinn upp dómur í máli nr. E-1103/1996: Óskar Engilbertsson gegn VÍS-vátryggingu hf.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. febrúar sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 9. febrúar 1996 og birtri samdægurs.

Stefnandi er Óskar Engilbertsson, kt. 241240-4369, Bugðutanga 38, Mosfellsbæ.

Stefndi er Vátryggingafélagið Skandia hf., kt. 681272-0469, Laugavegi 170, Reykjavík. Í þinghaldi 25. nóvember sl. upplýsti stefndi um breytt nafn stefnda, og hétí félagið nú VÍS-vátrygging hf.

Dómkröfur stefnanda eru þær í fyrsta lagi, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda örorkubætur, 1.251.936 kr., auk dráttarvaxta frá 25. október 1994 til greiðsludags, í öðru lagi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda dagpeninga, 4.332.640 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 25. október 1994 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefnanda var með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 8. júlí 1996, veitt gjafsókn vegna þessa máls.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hið stefnda félag verði sýknað af öllum kröfum stefnanda, en til vara er gerð krafa um verulega lækkun krafna. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var starfsmaður hjá Söluturninum Skúla, sem rak Snævars-video að Höfðatúni 2 hér í borg. Mun fyrirtækið hafa í mars 1992 fært tryggingar sínar frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til stefnda fyrir tilstuðlan Guðgeirs Ágústssonar, kt. 130727-5499, sem áður hafði starfað hjá Sjóvá-Almennum, en var kominn til starfa hjá stefnda. Umræddur Guðgeir skýrði svo frá fyrir dómi, að hann þekkti stefnanda og konu hans, og kvaðst hann hafa rætt við þau bæði um tryggingu rekstrarins og slysatryggingu starfsmanna. Lagt hefur verið fram í máli þessu skjal, sem Guðgeir kvaðst hafa unnið og stefnandi hefur kannast við að hafa undirritað, en þar kemur fram, að auk trygginga vegna rekstrarins er vikið að slysatryggingu handa eiginkonu stefnanda, en ekkert minnst á slysatryggingu

fyrir stefnanda í skjali þessu. Guðgeir skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði rætt við stefnanda um slysaftryggingu fyrir hann, en hann hefði skýrt svo frá, að verið væri að ganga frá tjónsuppgjöri við Sjóvá-Almennar vegna slyss, er stefnandi hefði orðið fyrir. Guðgeir kvað stefnanda ekki hafa beðið um slysaftryggingu, en hann kvaðst hafa tjáð honum, að hann þyrfti að fullnægja tilteknum skilyrðum, ef fallist yrði á að slysaftryggja hann. Guðgeir kvaðst engin gögn hafa sett um heilsufar stefnanda með umsókninni, enda hefði hann ekki beðið um slysaftryggingu handa sér og raunar ekki verið tryggingartækur. Guðgeir kvaðst ekki hafa vitað um, að hið stefnda félag hefði slysaftryggt stefnanda, fyrr en eftir að slysið varð.

Upplýst er í máli þessu, að þegar tryggingarskírteini með gildistíma frá 11. mars 1992 til 1. október s. á. var sent fyrirtækinu, var stefnandi ekki slysaftryggður, og mun stefnandi þá hafa í júlí 1992 hringt í starfsmann stefnda og tilkynnt, að mistök hefðu orðið við útgáfu tryggingarskírteina, þannig, að slysaftrygging sín hefði ekki verið gefin út. Á grundvelli þessara upplýsinga stefnanda var gefin út slysaftrygging fyrir hann, er gildi frá 1. júní 1992 til 1. október s. á. Ofangreindar tryggingar vegna rekstrarins og slysaftrygging stefnanda og Ólafíu Magnúsdóttur voru síðan endurnýjaðar til 1. október 1993. Skýrði stefnandi svo frá fyrir dómi, að hann hefði aldrei gefið starfsmönnum stefnda rangar upplýsingar um hagi sína. Kvað hann Guðgeir vita allt um heilsufar sitt og hélt því fram, að hann hefði verið að fylgja fyrirmælum Guðgeirs, þegar hann hringdi og sagði slysaftryggingu sína hafa fallið niður. Ekki kvaðst hann hafa upplýst starfsmanninn, sem hann talaði við, um sjúkrasögu sína.

Samkvæmt gögnum málsins lenti stefnandi í árekstri, er hann bjó í Bandaríkjunum árin 1983–1984. Mun hann þá hafa fengið óþægindi í hægri öxl, sem ágerðust, og árið 1991 var gerð aðgerð á öxlinni.

29. október 1990 var stefnandi að bera þungan kassa í starfi sínu sem sendibílstjóri, er hann hrasaði og fékk þungann af kassanum yfir sig. Mun hann strax hafa fengið mikinn verk yfir mjóbak og bringspalir, en auk þess kom mikill verkur í mitti, hægri mjöðm og niður eftir efri hluta lærleggjar. Mun þar um að ræða slys það, er var óuppgert við tryggingartökuna í mars 1992, en samkvæmt gögnum málsins gerðu Sjóvá-Almennar upp við stefnanda með tjónsuppgjöri, dagsettu 9. desember 1992.

Stefnandi mun hafa farið í aðgerð árið 1992 vegna þrengsla í ósæð, og sama ár fór hann í aðgerð vegna óþæginda frá meltingarfærum.

Slys það, er mál þetta snýst um, mun hafa orðið um kl. 9.00 mánudagsmorguninn 9. desember 1992. Mun stefnandi hafa verið að reka erindi Söluturnsins Skúla á lögmannsstofu í Skeifunni 11 A. Segist stefnandi hafa geng-

ið eftir gangstétt frá húsinu og ætlað yfir götu að bílastæði, þar sem bifreið hans var. Var ís og snjólag á götunni og því mjög hált. Um leið og stefnandi steig fæti á götuna, segist hann hafa runnið á ísingu, dottið aftur fyrir sig, skolið með háls og herðar á gangstéttarbrún og hálfrotast við fallið. Kvaðst stefnandi hafa fengið aðstoð nærstaddra og síðan beðið í bifreið sinni ótiltekinn tíma, en farið síðan á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt sjúkraskrá kom stefnandi þangað kl. 18.12 þennan dag. Er það álit læknis, að stefnandi hafi hlotið tognun á háls hrygg og mar á crista iliaca post. Fékk stefnandi hálskraga og verkjalyf.

Lögmaður stefnanda tilkynnti stefnda formlega um slysið með bréfi, dagsettu 22. febrúar 1993, en með svarbréfi stefnda, dagsettu 14. apríl s. á., kom fram sú afstaða stefnda, að hann væri ekki skuldbundinn af váttryggingarsamningnum með vísan til 8. gr. og með hliðsjón af 6. og 7. gr. laga nr. 20/1954. Ekki hafi verið gert ráð fyrir slysatryggingu handa stefnanda, er trygging var keypt fyrir Söluturninn Skúla 11. mars 1992, og jafnframt hafi komið fram í læknisvottorði, að stefnandi var óvinnufar á þeim tíma, er slysið varð, vegna slyssins frá 1990. Hefði stefnandi gefið réttar upplýsingar, er hann hafði samband við starfsmann stefnda, hefði hið stefnda félag aldrei samþykkt váttryggingu handa stefnanda.

Samkvæmt gögnum málsins var stefnanda boðið með bréfi, dagsettu 17. ágúst 1994, að endurnýja slysatryggingu sína og Ólafíu Magnúsdóttur frá 1. október 1994. Telur stefndi, að þarna hafi verið um mistök að ræða í kjölfar yfirfærslu á gögnum stefnda í nýjan tölvubúnað. Þegar þetta uppgötvaðist 10. október s. á., hefði stefnanda umsvifalaust verið sent bréf og váttryggingunni sagt upp.

Sigurjón Sigurðsson læknir mat tímabundna og varanlega örorku stefnanda, og segir svo m. a. í örorkumati hans, dagsettu 16. júní 1995: „Hér er um að ræða mann, sem er í fullu starfi sem sendibifreiðastjóri, er hann lendir í slysi og hlýtur áverka á mjóbak, og er rétt að jafna sig á því, þegar hann lendir í öðru slysi og hlýtur áverka á háls og herðar. Upp úr þessum slysum hefur hann haft vaxandi verki í hálsi og herðum ásamt leiðniverk út í hægri handlim og báða ganglimi og einnig leiðniverk niður í báðar herðar og herðablöð ásamt stöðugum höfuðverk. Ekki er unnt að rekja öll þau einkenni, sem hinn slasaði hefur nú, sem beinar afleiðingar af slysunum, þar sem hann hafði töluverðan forskaða fyrir. Má þar nefna, að hann var með slæma hægri öxl fyrir bæði slysin. Enn fremur hefur komið í ljós, að hann var bakveikur fyrir bæði slys og hafði þekkta slitigt bæði í hálsi og öllu baki. Ekki verður þó dregið í efa, að bæði þessi slys hafi valdið töluverðu af þeim einkennum, sem hann hefur nú, og skal þess getið, að vegna þessara

einkenna hefur hann verið metinn til 75% almennrar örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins. Enn fremur kvartar hann um æðaprengsli og var m. a. skorinn upp vegna þessa, en það er óháð slysinu. Nú er það langur tími liðinn, frá því að áverki þessi varð, og vart að vænta frekari bata og jafnvel frekar um versnun að ræða, ef eitthvað er, þar sem slitgigtin getur farið versnandi. Telja verður miklar líkur til, að bæði þessi slys hafi hraðað myndun slitgigtarinnar. Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir því rétt að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og er hún sem hér segir.

Í eitt ár eftir hvort slys	100%
Varanleg örorka	30%

sem skiptist þannig, að 15% eru vegna fyrra slyss og 15% vegna hins síðara.“

Með matsbeiðni stefnda, dagsettri 11. maí 1996, var þess farið á leit, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta tíma- bundna og varanlega örorku stefnanda, og var þess óskað, að matsmenn gerðu sérstaka grein fyrir því, hvort aðrir þættir í heilsufari stefnanda fyrir slys hefðu haft bein eða óbein áhrif á það tjón, sem hlaust af slysinu í desember 1992, sbr. 8. gr. og 12. gr. c í váttryggingarskilmálum, að því er varðar varanlegu örorkuna, og 13. gr., að því er varðar tímabundnu örorkuna.

Til þessa starfa voru kvaddir þeir Halldór Jónsson „jr.“ og Stefán Carlsson, læknar og sérfræðingar í bæklunarlækningum. Matsgerð þeirra er dagsett 24. september 1996, og er niðurstaða þeirra svohljóðandi: „Telja verður líklegt, að þegar Óskar hlaut hálstögnun þá, sem hér er til umfjöllunar, hafi hann þá þegar verið kominn með slitgigtarbreytingar, sem fundust við röntgenrannsóknirnar. Hryggsúlan hefur þess vegna verið veikari fyrir en ella. Er alþekkt, að tögnunareinkennum frá hryggsúlu koma sjaldnast fram fyrir en nokkrum dögum eftir áverka. Þrálát óþægindi frá hryggsúlu eru vegna þess, að tögnun kemur af stað áverka, sem getur lagast á mjög mislöngum tíma og stundum alls ekki. Sérstaklega á þetta við, ef fyrir eru slitbreytingar. Höfuðverkurinn og eymslin í hálsi og öxlum eru í samræmi við mar- og tögnunaráverka á höfði, háls hrygg og herðum. Samkvæmt fleiri vottorðum var Óskar óvinnufær vegna fyrri mjóbaksáverka frá 1990, þegar umrætt slys varð. Samkvæmt Óskari sjálfum olli mjóbaksáverkin aldrei neinum háls- eða höfuðóþægindum. Þetta stangast algjörlega á við fyrirbyggjandi sjúkra- gögn hans. Við teljum því, að sú tímabundna örorka, sem Óskar hlaut af

umræddu slysi 9. desember 1992, sé engin. Hins vegar teljum við, að sú varanlega líkamlega örorka, sem Óskar hefur í kjölfar slyssins 9. desember 1992, sé 15%.“

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á váttryggingarskírteini nr. 9231234, sem gildir fyrir tímabilið 1. október 1992 til 1. október 1993. Samkvæmt því hafi verið í gildi almenn slysatrygging stefnanda, en samkvæmt henni skyldi greiða í dánarbætur 5.006.000 kr., 8.010.000 kr. í örorkubætur miðað við prósentuhlutfall örorku og 40.000 kr. í dagpeninga á viku, en biðtími bóta var fjórar vikur, en bótatími 104 vikur. Starfsmaður stefnda, Guðgeir Ágústsson, hafi fengið stefnanda til að fá vinnuveitanda sinn til þess að skipta við stefnda. Hafi þessi starfsmaður vitað um slys stefnanda frá árinu 1990 og þekkt allar aðstæður hans. Sé því ljóst, að stefnandi hafi í engu leynt stefnda málavöxtum. Þá er byggt á því, að eftir slysið hafi stefndi tryggt stefnanda áfram almennri slysatryggingu án nokkurra athugasemda til 25. október 1994.

Stefnandi skýrir frá því, að hann hafi verið að sinna málefnum Söluturnsins Skúla á lögmannsstofu, er hann lenti í slysinu 9. desember 1992.

Stefnandi heldur því fram, að rangt væri, að hann hefði verið óvinnufær, er slysið varð. Hann hefði vissulega átt við meiðsli að stríða vegna slyssins frá 1990, en sá skaði væri annars eðlis en skaðinn, er hann hlaut við slysið 9. desember 1992. Æðaaðgerðin frá 1992 væri umræddu tjóni óviðkomandi. Sannleikurinn væri sá, að stefnandi hefði verið í vinnu hjá Söluturninum Skúla allt árið 1992 með stuttum hléum, þar til hann lenti í slysinu 9. desember. Ekkert læknisvottorð renni stoðum undir þá fullyrðingu, að stefnandi hafi verið óvinnufær, er slysið varð. Samkvæmt örorkumati Sigurjóns Sigurðssonar hafi stefnandi verið óvinnufær í eitt ár eftir slysið árið 1990, og því hafi hann verið vinnufær frá nóvember 1991 vegna þess slyss.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar þannig, að samkvæmt 18. og 19. gr. almennra váttryggingarskilmála stefnda beri að verðbæta fjárhæðir til uppgjörsdags, þó eigi lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þyki rétt að miða við formlega uppsögn félagsins á váttryggingu í þágu stefnanda, þ. e. 25. október 1994, en váttryggingarfjárhæðin nam þá með verðbótum 8.346.245 kr., en dagpeningar á viku 41.660 kr. Sé stefnufjárhæð fundin með því að margfalda 8.346.245 kr. með 15% varanlegri örorku, sem geri 1.251.936 kr., og dagpeningar í 104 vikur geri 4.332.640 kr., samtals 5.584.576 kr. Sé við það miðað, að stefnandi hafi verið algjörlega óvinnufær frá 9. desember 1992 til þessa dags.

Stefnandi miðar dráttarvaxtakröfu sína við þann dag, er stefndi sagði upp

vátryggingunni, 25. október 1994. Sé það eðlilegur viðmiðunardagur, og hafi örorkumat frá 16. júní 1995 ekki breytt afstöðu stefnda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum skaðabótaréttarins, lögum nr. 20/1954, sbr. 10. gr., og vátryggingarskírteini, sem er tryggingarsamningur milli Söluturnsins Skúla og stefnda. Krafa stefnanda um greiðslu málskostnaðar er reist á 1. mgr. 130. gr. l. nr. 91/1991, vaxtakrafa á III. kafla vaxtalaga og krafa um virðisaukaskatt á l. nr. 50/1988.

Stefndi styður aðalkröfu sína því, að stefnandi hafi með röngum upplýsingum við samningsgerðina og með því að leyna atvikum, sem máli skiptu fyrir félagið við ákvörðun þess, hvort gefa ætti út vátryggingu, fellt niður rétt sinn á hendur félaginu um slysabætur. Þá telur stefndi, að félagið hefði í öllu falli ekki tekið á sig áhættu vegna tjóns á hálsi og baki vegna sjúkdóma og slysa, sem áður höfðu hrjáð stefnanda og rakin eru í læknisvottorðum og mati. Stefndi miðar aðalkröfu einnig við það, að örorku stefnanda sé ekki að rekja til slyssins 9. desember 1992, heldur megi rekja hana að mestu leyti til sjúkdóma og veiklunar, sem hrjáðu stefnanda fyrir slysið og vegna fyrri slysa. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. vátryggingarskilmála sé tjón, sem rekja má beint eða óbeint til slíkra þátta, undanþegin bótaskyldu. Þá sé tekið fram í 12. gr. c í skilmálum félagsins, að ekki beri að bæta tjón vegna bæklunar í líffæri eða útlím, sem var bæklaður fyrir slys.

Stefndi styður varakröfu sína því, að teljist vera um bótaskyldu að ræða, sé örorkumatið allt of hátt. Megi rekja meginhluta af tímabundinni og varanlegri örorku stefnanda til sjúkdóma, veiklunar og áverka, sem höfðu komið til fyrir slysið 9. desember 1992. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi verið 100% óvinnufær, er slysið varð. Einnig bendir stefndi á, að ef tímabundna örorku stefnanda megi aðeins að hluta rekja til slyssins 9. desember 1992, beri einungis að reikna bætur vegna tímabundinnar örorku hlutfallslega, sbr. 13. gr. skilmálanna. Stefndi mótmælir því, að útreikningur vátryggingarbóta sé miðaður við 25. október 1994, réttara sé að miða við það tímamark, þegar niðurstaða matsmanna lá fyrir. Þá heldur stefndi því fram, að tímabundna örorkan sé of hátt metin og til of langs tíma, og bendir á, að gerð sé krafa um dagpeninga í 104 vikur, þótt í örorkumati sé miðað við, að síðara slysið hafi leitt til varanlegrar örorku í 52 vikur. Einnig telur stefndi, að draga beri frá bótatímanum fjögurra vikna biðtíma, sem tjónþoli á að bera bótalaust skv. vátryggingarskilmálum, og enn fremur, að viðmiðunartekjur dagpeninga í vátryggingarskírteini séu of háar, en skv. 13. gr. skilmálanna bar tjónþola að upplýsa um verulegar breytingar á tekjum miðað við þá fjárhæð, sem tilgreind er í vátryggingarskírteini.

Stefndi er þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt að dæma vexti á bótakröfunu

fyrir en eftir dómsuppsögu eða í fyrsta lagi, þegar mat dómkvaddra matsmanna lá fyrir.

Stefndi vísar til laga nr. 20/1954, einkum 4. og 6. gr. og 24. gr. um upphafstíma vaxta, sem og til vaxtalaga, einkum 7. og 15. gr. laganna, og kröfu um málskostnað styður stefndi við 130. gr. laga nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst m. a. um gildi slysatryggingar þeirrar, er stefndi gaf út í þágu stefnanda. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi með röngum upplýsingum við samningsgerðina og með því að leyna atvikum, sem máli skiptu fyrir félagið við ákvörðun á því, hvort gefa ætti út váttryggingu, felldu niður rétt sinn á hendur félaginu um slysabætur. Stefndi heldur því fram, að starfsmaður stefnda, Guðgeir Ágústsson, hafi vitað allt um hagi stefnanda, og hafi stefnandi því á engan hátt leynt stefnda málavöxtum.

Í máli þessu er upplýst, að Guðgeir Ágústsson annaðist sölu á tryggingum vegna Söluturnsins Skúla í marsmánuði árið 1992. Er upplýst, að Guðgeir útbjó skjal, þar sem tíundaðar eru þær tryggingar, sem til greina komu, og hefur stefnandi kannast við að hafa undirritað skjal þetta. Á þessu skjali er hvergi vikið að slysatryggingu fyrir stefnanda, en aftur á móti eru skráðar hugmyndir um slysatryggingu fyrir eiginkonu stefnanda, Ólafíu Magnúsdóttur. Á grundvelli þessa skjals virðist gefið út váttryggingarskírteini, án þess að slysatrygging væri gefin út á hendur stefnanda. Guðgeir skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði rætt við stefnanda um slysatryggingu fyrir hann, en hann skýrt svo frá, að verið væri að ganga frá tjónsuppgjöri við Sjóvá-Almennar vegna slyss, er stefnandi hefði orðið fyrir árið 1990. Guðgeir kvað stefnanda ekki hafa beðið um slysatryggingu, en hann kvaðst hafa tjáð honum, að hann þyrfti að fullnægja ákveðnum skilyrðum, ef fallist yrði á að slysatryggja hann. Guðgeir kvaðst engin gögn hafa sett um heilsufar stefnanda með umsókninni, enda hefði hann ekki beðið um slysatryggingu handa sér og raunar ekki verið tryggingartækur.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði aldrei gefið starfsmönnum stefnda rangar upplýsingar um hagi sína, þegar hann hringdi á skrifstofu stefnda og tilkynnti, að mistök hefðu orðið við útgáfu tryggingarskírteinis. Stefndi kvað Guðgeir vita allt um heilsufar sitt, og hélt stefnandi því fram, að hann hefði verið að fylgja fyrirmælum Guðgeirs, þegar hann hringdi og sagði frá mistökunum. Stefndi kvaðst ekki hafa skýrt starfsmanninum, sem hann talaði við, frá sjúkrasögu sinni.

Ljóst er af gögnum máls þessa, að stefnandi hafði um árábil verið illa haldinn vegna slysa og sjúkdóma, þegar til álita kom að selja stefnanda slysatryggingu. Þá hefur verið upplýst, að á þeim tíma hafði ekki enn farið

fram uppgjör við annað tryggingafélag vegna líkamstjóns, er stefnandi varð fyrir árið 1990. Þá liggja fyrir læknisvottorð, þar sem fram kemur það álit, að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna fyrri mjóbaksáverka, þegar hann lenti í slysinu 9. desember 1992. Óumdeilt er, að þáverandi starfsmanni stefnda, Guðgeiri Ágústssyni, var kunnugt um þessar aðstæður stefnanda, og hefur hann borið fyrir dómi, að hann hafi gert stefnanda ljóst, að ekki væri unnt að selja honum slysatryggingu nema að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Fær þessi framburður Guðgeirs stoð í áðurgreindu skjali, þar sem tíundaðar eru þær tryggingar, sem til greina kom að selja vegna Söluturnsins Skúla, en þar er ekki vikið að slysatryggingu vegna stefnanda. Nafnritun stefnanda er á skjali þessu. Þá hefur Guðgeir skýrt svo frá, að engum gögnum um heilsufar stefnanda hafi verið skilað stefnda, enda kom ekki til greina að mati Guðgeirs að selja honum slysatryggingu.

Þegar framanritað er virt, verður að telja nægilega upplýst, að stefnanda hafi hlotið að vera ljóst, að stefndi hafnaði slysatryggingu stefnanda. Allt að einu hafði stefnandi samband við annan starfsmann stefnda og skýrði frá því, að slysatrygging sín hefði fallið niður, án þess að gera þeim starfsmanni grein fyrir högum sínum og heilsufari. Mátti stefnanda vera ljóst, að slíkar upplýsingar skiptu máli fyrir stefnda, og er það því álit dómsins, að stefnandi hafi með þessari háttsemi sinni glatað bótarétti sínum á hendur stefnda, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 20/1954 og 6. gr. almennra skilmála fyrir slysatryggingu.

Samkvæmt framansögðu er umræddur váttryggingarsamningur ekki skuldbindandi fyrir stefnda, og verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 greiðist kostnaður stefnanda af málinu, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 250.000 krónur, úr ríkissjóði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, VÍS-váttrygging hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Óskars Engilbertssonar, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 250.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.